

Lokafundur Betadeildar föstudaginn 20. maí 2011 kl. 19:00.

Fundarstaður: Austurbyggð 4, heimili Þorgerðar.

Mættar voru 16 félagskonur og tveir nýliðar komu seinna inn.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Kosning nýrrakvenna – niðurstaða kosninga
4. Móttaka nýliða
5. Orð til umhugsunar
6. Yfirferð vetrar og starf framundan
7. Afmælisgjafir afhentar
8. Önnur mál
9. Hapdrætti

1. Gunnlaug kveikti á kertum og Þorgerður setti fund. Hún skilaði kveðjum frá fjarverandi konum.
2. Jónína las fundargerð Eyglóar sem hafði verið fundarritari síðast í fjarveru Þórunnar.
3. Kosning nýrra kvenna. Þegar niðurstöður voru ljósar fóru fram umræður um hvernig staðið sé að kosningu kvenna inn í deildina. Ákveðið var að bjóða nýliðum að ganga í Betadeild á fyrsta fundi í haust og ræða hvernig staðið verður að kosningu inn í deildina.
4. Móttaka nýliða. Tvær nýjar konur mættu á fund. Betasystur kynntu sig stuttlega.
5. Orð til umhugsunar. María Gunnarsdóttir talaði um leiklist og leikræna tjáningu sem eru henni hugleiknar. María fékk kennslu í leikrænni tjáningu í Kársnesskóla en þar hafði hún sig ekki mikið frammi. Hún rifjaði upp leiklistartíma úr skólanum. Þegar María flutti til Dalvíkur gekk hún til liðs við Leikfélag Dalvíkur þar sem hún fann sig vel í leiklistinni. Fram komu hjá henni vangaveltur um af hverju leikræn tjáning er ekki hluti af námskrá skóla því þetta er mikilvægur þáttur í menntun. María sagði einnig að það væri frábært ef leiklistarkennarar væru í hverjum skóla.
6. Yfirferð vetrar og starf framundan. Þorgerður fór stuttlega yfir starf liðsins vetrar. Hún ræddi lítillega um ályktun varðandi niðurskurð í menntamálum en spurning er hvort hægt sé að senda þessa ályktun frá deildinni í ágúst? Þorgerður hvatti konur til að mæta á landssambandsþing í framtíðinni. Næsta vetur er hugmyndin að frá utanaðkomandi til að vera með fræðslu og fá konur til virkari þátttöku á fundum.
7. Afmælisgjafir afhentar. Eftirfarandi konur fengu gjöf frá Betadeild; Gunnlaug Friðriksdóttir, Jórunn Elísdóttir (frá 2009), Anna Þóra Baldursdóttir, María Steingrímsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir og Helga Thorlacius
8. Önnur mál. Engin mál á dagskrá.
9. Hapdrætti. María Steingrímsdóttir hlaut vinning að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 20:15.

Eftir fund nutu konur góðra veitinga .

Ritari: Jónína Hauksdóttir